

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

#### *Hellishólar, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 8. apríl 2021 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Hellishólum. Tillagan felur í sér að byggingarreitur fyrir lóðina Réttarmóa 1 er stækkaður lítillega til vesturs og byggingarreitur Réttarmóa 4 er færður innar í lóðina. Einnig eru byggingarreitir á lóðum 2, 3, 5 og 6 stækkaðir svo lóðarhafar hafi rýmri möguleika á staðsetningu bygginga. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Þórunúpur, nýtt deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 8. apríl 2021 tillögu að deiliskipulagi í Þórunúpi. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi ásamt útihúsum. Heildarbyggingarmagn verður 1.000 m<sup>2</sup>. Heildarstærð hinnar deiliskipulögðu spildu er 19,5 ha. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Ytri-Skógar, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. maí 2021 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Ytri-Skógum. Í tillögunni eru teknir út skilmálar í kafla 3.3.1.1 um að á einbýlishúsalóð við veg að safnasvæði (Skólavegur 5) sé hámarksbreidd húss 10 metrar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Brúnir 1, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. maí 2021 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Brúnum 1. Tillagan felst í því að bílastæði er stækkað, m.a. yfir áningarstað Vegagerðarinnar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 23. júní 2021.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Guðmundur Úlfar Gíslason**, skipulags- og byggingarfulltrúi.